



Spáum að verðbólga fari undir markmið í desember

Hagstofan birtir desembermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 19. desember. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,4% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 2,7% í 2,3%.

VNV hækkaði um 0,13% milli mánaða í nóvember, en við höfðum spáð óbreyttu gildi vísitölunnar.

Helstu undirliðir:

- **Flugfargjöld til útlanda** hækka alla jafna milli mánaða í desember. Við gerum ráð fyrir aðeins minni hækkun milli mánaða í ár en síðustu tvö ár, en að það verður ögn dýrara að fljúga en í desember á síðasta ári.
- Við eigum von á að **reiknuð húsaleiga** hækki um 0,5% milli mánaða. Gangi það eftir rís ársþækkunin úr 3,0% í 3,3%.
- Samkvæmt verðkönnun okkar lækkaði verð á **bensíni og díselolíu** milli mánaða. Verð á eldsneyti hefur farið lækkandi síðan í maí samfara lækkandi verði á heimsmarkaðsverði olíu. Lækkunin hefur þó reynst ögn meiri en búast hefði mátt við m.v. við lækkun heimsmarkaðsverðs olíu og þróun krónunnar og kann það að skýrast af aukinni verðsamkeppni á þessum markaði.

Spá okkar um breytingu vísitölunnar milli mánaða í desember er 0,1 prósentustigum lægri en í síðustu spá sem við birtum í lok nóvember. Helgast það m.a. af því að verð á bensíni og díselolíu hefur lækkað og að krónan hefur styrkst það sem af er desembermánuði.


Eigum von á verðbólgu við markmið í mars

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Jan: -0,6% milli mánaða, 2,1% ársverðbólga
- Feb: +0,7% milli mánaða, 2,6% ársverðbólga
- Mar: +0,4% milli mánaða, 2,5% ársverðbólga

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Bensín og díselolía	3,4%	-0,5%	-0,02%
Föt og skór	4,4%	-0,4%	-0,02%
Tómst. og menning	10,1%	-0,2%	-0,02%
Póstur og sími	1,8%	-0,3%	-0,01%
Áfengi og tóbak	2,4%	-0,1%	0,00%
Menntun	0,4%	0,0%	0,00%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	0,1%	0,00%
Kaup ökutækja	5,6%	0,1%	0,00%
Heilsa	4,0%	0,1%	0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	0,1%	0,01%
Hótel og veitingast.	5,7%	0,2%	0,01%
Húsgögn og heimilisb.	5,4%	0,4%	0,02%
Matur og drykkjarv.	13,2%	0,2%	0,03%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,0%	0,2%	0,03%
Reiknuð húsaleiga	16,4%	0,5%	0,08%
Flugfargjöld til útlanda	1,3%	21,6%	0,28%
Alls	100,0%		0,42%

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í desember og í bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða eru:

1. Húsnæðisverð

Vísitala íbúðaverðs hækkaði um rúmlega 0,5% milli mánaða í ágúst, september og október. Auk þess var óvenjumikil aukning á nýjum útlánnum lífeyrissjóða (að frádrögnum upp- og umframgreiðslum) í október. Við gerum ráð fyrir að reiknuð húsaleiga hækki um 0,5% milli mánaða næstu mánuði. Ef það gengur ekki eftir og reiknuð húsaleiga hækkar minna verður framlag húsnæðis til verðbólgu lægra en við reiknum með.

2. Gengi krónunnar

Íslenska krónan styrktist í nóvember og fór evran lægst innan dags í 133 krónur undir lok mánaðarins. Þessi styrking hefur gengið til baka að hluta og kostar evran þegar þetta er skrifað um 135 krónur. Ef breyting verður á og krónan veikist verulega frá núverandi gildum hefur það aukna verðbólgu í för með sér.

3. Þróun launa

Enn sem komið er sjást fá merki um almennt launaskrið umfram kjarasamningsbundnar launahækkanir. Verulegt launaskrið myndi þýða hærri verðbólgu en við sjáum nú í kortunum. Fyrirtæki hafa á síðustu árum tekið á sig töluverðar launahækkanir án þess að þær hafa birst í útsöluverði með sama hætti og ætla mætti. Hvort að inni séu sérstakar verðhækkanir á vöru og þjónustu vegna launahækkana sem þegar hafa orðið er óvíst.


4. Staða fyrirtækja

Í kjölfar aukins stöðugleika á vinnumarkaði hefur Seðlabankinn lækkað vexti. Það ætti að vera hvati fyrir fyrirtæki að stilla verðhækkunum í hóf til að viðhalda stöðugleikanum. Spurningin er bara hversu vel í stakk búin þau eru til þess.


5. Flugfargjöld til útlanda

Okkur og öðrum greiningaraðilum hefur gengið verr að spá fyrir um mælingar Hagstofunnar á flugfargjöldum til útlanda eftir að WOW air fór í þrot, en Hagstofan þurfti að breyta aðferðafræði sinni í kjölfar þess. Nóvember var fyrsti mánuðurinn

Mánaðarbreyting VNV í desember



Verðbólguþróun





síðan WOW air féll sem spá okkar var nokkuð nærri mælingu Hagstofunnar. Það má ekki lesa of mikið í einn mánuð og það er ekki útilokað að áfram geti munað verulega á spám okkar og mælingum Hagstofunnar.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.